

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í rikisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð rikissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupþúnum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**L Ö G****um þroskaþjálfu.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfari hér á landi og kalla sig þroskaþjálfari hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

**2. gr.**

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæsluystyraskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stund-